


SKOÐUN



Flóttamenn á Íslandi: Maður af manni verður að máli kunnur

Anh-Đào K. Trần og Atli Harðarson skrifa 23. janúar 2023 10:01

Kann að meta 63

Í fyrirsögninni hér að ofan er tilvitnun í Hávamál þar sem segir:

Funi kveikist af funa.

Maður af manni

verður að máli kunnur

en til dælskur af dul.

Þetta þýðir meðal annars að við öðlumst aukið vit með því að hitta annað fólk og tala við það. Í þessu gamla kvæði segir líka að „sá einn veit er víða ratar og hefir fjöld um farið.“ Skáldið sem orti þetta aftur í grárrí fornaskju skildi að menningarlegt ríkidæmi verður til þegar fólk kemur saman úr ólíkum áttum. Það bætir sjálfsþekkingu okkar að sjá eigin tilveru speglast í augum þeirra sem hafa ólíka reynslu.

Undanfarin ár hefur annar höfundur þessa greinarkorns, Anh-Đào, tekið viðtöl við Víetnama sem komu hingað til lands sem flóttamenn árið 1979. Viðtölin segja sögu um líf þessa hóps en líka um samtíma okkar og samfélag. Umfjöllun um þau hefur birst í fræðilegum útgáfum.

Fyrir Víetnamana sem komu hingað 1979 var margt gjörólíkt því sem þeir áttu að venjast. Einn þeirra, sem var bóndi, sagði frá komunni til landsins: „Þegar við fórum frá flugvellið til Reykjavíkur horfði ég út um gluggann á rútunni og sá hvergi tré. Ég hugsaði með mér, hvernig get ég búið hér – hvað er hægt að rækta – ekki get ég gróðursett matjurtir – hvernig getum við lifað hérna.“ Samferðafólk hans hafði sömu áhyggjur og óttaðist að það væri lítið vit að setjast að í þessu landi. Það lýsir fyrstu árunum á Íslandi sem lífi á hrjóstrugum berangri þar sem auðnir, úfin hraun og vetrarmyrkur voru alger andstæða við birtuna heima, mannhafið og götur með skuggsælum trjám.

Fáeinum vikum eftir komuna til landsins voru þau komin út á vinnumarkað og byrjuð að læra íslensku. Í viðtölunum kemur ýmislegt fram um málanám fólksins. Flest af því nam íslensku með hversdagslegum samskiptum fremur en með setu á námskeiðum enda naut það formlegrar íslenskukennslu í minna en hálfu ári. Einnig kemur fram að þótt þau lærðu málið og stunduðu vinnu var erfitt fyrir þau að komast áfram á vinnumarkaði. Þorri hópsins var enn í sömu stöðu að fjórum áratugum liðnum, naut að vísu aukinnar viðurkenningar fyrir dugnað og áreiðanleika en stöðuhækkanir létu bíða eftir sér og þau höfðu ekki tækifæri til menntunar í skólakerfinu vegna þess að þau náðu ekki fullu valdi á tungumálinu. Af þessum sökum vantaði á að hæfileikar þeirra nytu sín.

Annað efni sem sumir ræddu með trega og eftirsjá varðar ræktarsemi við víetnömskuna. Þótt hópnum sem kom 1979 hafi að mestu vegnað vel var það erfið reynsla að sjá börn sín tapa tengslum við móðurmálið. Um þetta sagði einn viðmælandinn: „Ég vann sjö daga vikunnar og hafði ekki tíma til að tala við þau á móðurmáli mínu. Þegar þau yrtu á mig eftir langan vinnudag svaraði ég stuttlega á íslensku. Ég var orðinn of þreyttur og þurfti að fara að sofa.“ Annar sagðist hafa reynt að tala víetnömsku

við börnin sín „en þau önsuðu því ekki svo ég notaði þá litlu íslensku sem ég kunnir til að ná sambandi við þau og fyrir vikið kunna þau lítið í víetnömsku.“

Raddir þessa fólks minna okkur á þann sannleika sem má lesa um í Hávamálum og var tæpt á hér í byrjun. Þær gefa líka tilefni til að hugsa um hvort við njótum ekki betur góðs af reynslu þeirra sem hafa víða ratað ef þau eiga þess bæði kost að leggja rækt við eigið mál og að læra íslensku.

Atli Harðarson og Anh-Đào K. Trá `n starfa bæði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Atli hefur búið á Íslandi frá fæðingu. Anh-Đào flúði með fjölskyldu sinni frá Víetnam árið 1975. Hún var eftir það flóttamaður í Bandaríkjunum og flutti þaðan til Íslands árið 1984. Rannsóknir hennar á lífssögu víetnamskra flóttamanna á Íslandi voru unnar með styrk frá RANNÍS.

Flóttafólk á Íslandi

Athugið. Vísir hvetur lesendur til að skiptast á skoðunum. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Lesendur skulu halda sig við málefnalega og hófstíllta umræðu og áskilur Vísir sér rétt til að fjarlægja ummæli og/eða umræðu sem fer út fyrir þau mörk. Vísir mun loka á aðgang þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni eða gerast itrekað brotlegir við ofangreindar umgengisreglur.

Velkomin á Vísir. Þessi vefur notar vafrakökur. [Sjá nánar.](#)